



Íslenska

Kennari: Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir

Almennt um kennsluna: Samkv. Stundaskrá eru 6 kennslustundir á viku tileinkaðar íslensku, greinin er að auki samtvinnuð inni allar aðrar námsgreinar með ýmsum hætti. Við tileinkum okkur vandað íslenskt mál í öllum samskiptum og einblínum á, að við leik og nám séu gripin tækifæri sem bjóðast við byggja ofaná orðaforða og átta okkur á misjöfnum merkingum orða í rituðu og töluðu máli.

Samkv. aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun. Leitast skal eftir að tengja þessa þætti inni form kennslunnar eins og kostur er.

Námsgögn: Lestrarlandið lesbók og vinnubók 1 og 2, stafaverkefni, Leikur að orðum 1 og 2, Stafaverkefni, íslenskunáman, við lesum A, Ritrúnl skrift 1, markviss málörvun, sögubókin, ítarefni frá kennara, tímarit, bækur sem og náttúra okkar og umhverfi.

Við íslenskukennslu 1.bekkjara er kennslunni skipt upp fjóra flokka námshæfniviðmiða sem að nýtt eru sem þræðir í gegnum kennsluna, aðferðir og námsgögn.

Námshæfniviðmiðin eru flokkuð og útskýrð á eftirfarandi hátt:

Talað mál, hlustun og áhorf

Nemandi:

- Þjálfist í að beita skýrum og áheyrilegum framburði
- Þjálfist í að hlusta á upplestur af ýmsum toga
- Geti lært, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- Taki þátt í leikþætti og/eða söngatriði
- Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu
- Geti átt góð samskipti, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Efli málþroska og skýra framsögn
- Þjálfist í að koma fram og tjá sig fyrir framan bekkinn

Lestur og bókmenntir

Nemandi:

- Læri hljóð, tákni og heiti bókstafanna
- Geti tengt hljóð saman í orð
- Þekki algengar orðmyndir
- Hafi jákvætt viðhorf til lestrar
- Geti lesið orð og stuttar setningar



- Læri einfaldar vísur, ljóð og þulur og kynnist sögum og ævintýrum
- Fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar
- Kynnist hvernig bækur eru byggðar upp, t.d. forsíðu, baksíðu, efnisyfirlit, kafla og atriðisorðaskrá

Ritun

Nemandi:

- Þekki skriftaráttina
- Dragi rétt til stafs
- Þjálfí fín- og grófhreyfingar með fjölbreyttum verkefnum
- Haldi rétt á skriffæri
- Skrifi orð eða stuttar setningar um ákveðið efni
- Læri að búa til og nota hugarkort
- Geti búið til myndasögu
- Fái margskonar tækifæri til þess að skrifa, semja sögur eða ljóð með eða án aðstoðar

Málfræði

Nemandi:

- Skilji hvað rím er og geti fundið orð sem ríma
- Kynnist hugtökunum hljóð, bókstafur, atkvæði og setning
- Þekki sérhljóða og samhljóða
- Kynnist hugtökunum samheiti og andheiti

Tekið skal fram við það sem að á undan er getið er verið að horfa til viðmiða. Leitast skal við að aðlaga námið að þörfum hvers og eins nemenda og leggja þeim til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir. Í kennslunni er leitast eftir að hver og einn nemandi fái verkefni sem að hæfir getu hans og þroska og þá horft til sértækra námsörðugleika sem og bráðgerra einstaklinga.

Námsmat: umsögn í lok annar.